



Patreksfjörður 11.5.2023

Sendandi: Strandveiðifélagið Krókur – félag smábátæigenda í Barðastrandarsýslu

Umsögn um: Þingskjal 1524 – 976 mál. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu).**

Strandveiðifélagið Krókur hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu grásleppu þar sem engin fiskifræðileg rök liggja fyrir. Grásleppa er ekki ofveidd og einvörðungu verið að reyna hagræða fyrir fámennan hóp.

Viljum við ítreka að kvótasetning grásleppu er frábrugðin öðrum kvótasetningum þar sem um upptöku/skerðingu nýtingarréttar er að ræða sem er fjárfesting/eign hvers grásleppuleyfishafa, og vænta mætti málaferla í kjölfarið.

Þá er s.kv. 9.grein laga um stjórn fiskveiða nr 116/2006 regla að úthluta til síðustu þriggja veiðitímabila og teljum við afar veik rök fyrir því langa viðmiðunartímabili sem ætlað er í frumvarpi þessu eða 9 ár (2014 – 2022) sem er þrefalt það tímabil sem reglan segir til um.

Þá er vísað í mögulega samþjöppun og kvótabrask í frumvarpi þessu sem sjálfsgöðum hlut og talið varða almannahagsmuni að stýra grásleppuveiðum með aflahlutdeild, þegar ljóst er að almenningur er ekki hlynntur kvótakerfinu.

„6.2. Áætluð efnahagsáhrif frumvarpsins. Frumvarpið felur í sér möguleika til aukinnar hagkvæmni í veiðum á grásleppu. Gera má ráð fyrir að einhver hagræðing verði hjá útgerðum sem stunda grásleppuveiðar, verði frumvarpið samþykkt. **Það er eðli aflamarkskerfisins að menn eru viljugri til að selja sig út úr kerfinu og hætta að stunda veiðar**, en vert er að hafa í huga að aldur þeirra sem stunda grásleppuveiðar hefur hækkað og lítill nýliðun hefur orðið undanfarin ár.“

„6.5. Önnur áhrif. Frumvarpið mun hafa áhrif á þá sem stunda grásleppuveiðar. Það er hópur fólks sem jafnan er sjálfstætt starfandi í lítilli eða meðalstórri útgerð. Samþykkt frumvarpsins mun auka sveigjanleika fyrir þessa aðila og þá sem hafa áhuga á að hefja grásleppuveiðar. Frumvarpið mun ekki hafa teljandi áhrif á menntun og rannsóknir. **Með mögulegri samþjöppun veiðiheimilda í grásleppu á tilteknum veiðisvæðum og aukinni hagkvæmni við veiðarnar** má þó gera ráð fyrir að svigrúm geti skapast fyrir frekari nýsköpun þegar kemur að grásleppuveiðum til framtíðar.

Er frekari kvótasetning með þeim annmörkum sem umtalaðir eru varðandi kvótakerfið, það sem almenningur vill ?

F.h. strandveiðifélagsins Króks

Einar Helgason, formaður